

Fundargerð 33. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Skjálfta, fundarherbergi á 1. hæð í Tæknigarði.

Tími: 25. maí 2016 kl. 14:30

Viðstaddir: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA) Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og María Jóna Gunnarsdóttir (MJG).

Dagskrá:

1. Fundargerðir 31. og 32. stjórnarfundar
2. Fundargerð af aðalfundi 2016
3. Verk haustannar
4. Eftirfylgni málþings um öryggi neysluvatns
5. Auglýsing viðburða annarra félaga stofnanna.
6. Kennsla í vatnsveitum og heilnæmi vatns á vorönn 2017.
7. Önnur mál

1. Fundargerðir 31. og 32. stjórnarfundar

Fundargerðir 31. og 32. Stjórnarfundar var samþykkt með leiðréttingum.

2. Fundargerð af aðalfundi 2016

Fundargerð aðalfundar var samþykkt. Ákveðið var að setja erindi Guðmundar Brynjúlfssonar um sjálfvirkan hreinsibúnað í Grábrók á netið.

3. Verk haustannar

Verkefni haustsins voru rædd. Samþykkt var að leita til félagsmanna varðandi röð örerinda yfir veturinn. Þá var rætt um vísindaferð, norræna vatnsveituráðstefna og hugsanleg málþing.

4. Eftirfylgni málþings um öryggi neysluvatns

Úttekt á málþinginu auk glæra frá fyrirlesurum verða sett á vefsíðu félagsins. Stjórn ræddi næstu skref í samvinnu við hagsmunaaðila.

5. Auglýsing viðburða annarra félaga stofnanna

Stjórn VAFRÍ fær reglulega beiðnir um að auglýsa viðburði sem gætu snert áhugasvið félagsmanna. Ákveðið var að skerpa á reglum varðandi birtingu slíkra auglýsinga. Stjórnin mun áframsenda slíkar auglýsingar svo lengi sem allir félagsmenn séu velkomnir á viðburðinn á meðan húsrúm leyfir. Ef ákveðnum félagsmönnum er óheimilt að sækja viðburðinn vegna t.d. samkeppnisstöðu þá mun VAFRÍ ekki auglýsa viðburðinn.

6. Kennsla í vatnsveitum og heilnæmi vatns á vorönn 2017

María Jóna Gunnarsdóttir og Arndís Ósk Ólafsdóttir munu sjá um kennslu á áfanga um Vatnsveitur á vorönn 2017 við Háskóla Íslands.

7. Önnur mál

Minnisblað um heimsókn VAFRÍ til Vífilfells verður birt á heimasíðu VAFRÍ.

Stjórn ræddi verkaskiptingu. Var ákveðið að hún myndi haldast óbreytt: HÓA gegnir áfram formennsku, AÓÓ verður ritari, Íþ gjaldkeri, MJG og SNK meðstjórnendur.

VAFRÍ lýsir yfir áhuga á að hefja samstarf við sambærileg samtök á norðurlöndunum í gegnum norrænu vatnsveitráðstefnuna.

Fylgja eftir hönnunarregnskúr rannsóknnum.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Fundarritari: Arndís Ósk Ólafsdóttir, arndisoo@veitur.is